

GREININ ber nafnið „Hreinleiki og saргun, eðlishyggja og refsing í íslensku kvennahreyfingunni“. Þær Inga Dóra og Sigríður Dúna líkja baráttu Kvennalistans fyrir kvenfrelsi við baráttu íslensku þjóðarinnar fyrir sjálfstæði frá Dönum. Þær benda á að í sjálfstæðisbaráttunni hafi verið lögð áhersla á að skapa þjóðinni sitt eigin sjálf sem væri óliskt sjálfi nýlendupþjóðarinnar. Með svipuðum hætti hafi Kvennalistinn lagt áherslu á að konur séu óliskar körum og að þær hafi eitthvað nýtt og í grundvallaratriðum óliskt að bjóða heiminum.

Greinarhöfundar segja að þessi baráttuaðferð hafi gefist vel baði í þjóðernisbaráttu Íslendinga og í baráttu Kvennalistans. En þessi baráttu-aðferð hafi hins vegar einnig haft neikvæða fylgifiska. Öll gagnrýni og allt sem vikið hafi frá hinni rétu braut hafi verið ákastlega illa sér. Þaggad hefði verið niður í kvennalistakonum, sem brutu í bága við hugmynd Kvennalistans um hvernig kvennalistakonan ætti að vera, og þess væru dæmi að þær hafi hreinlega yfirgefíð listann vegna þessa.

Kvennalistinn legði líka áherslu á að konur væru örðruvini en karlar og að þær væru sterkari síðferðilega og réttlátarí en karlar. Þessi eiginleiki heira væri ein af ástæðunum fyrir því að þær hefðu mikil fram að færa á hinu pólitísku svíði.

Greinarhöfundar segja að Kvennalistinn hafi smám saman lagt áherslu á að til að konur gætu upplifað sig sem konur þyrftu þær að hafa fætt barn og fundið sig í móðurhlutverki. Mæðrahygjan hafi þannig orðið samnefnari fyrir kvennamenninguna sem Kvennalistinn hafi lagt upp með. Þessi stefna hefði leitt til þess að barnlausar konur hefðu orðið út undan innan Kvennalistans.

Kvennalistinn að refsa konum

Inga Dóra og Sigríður Dúna segja að út á við virðist sem starf og pólitísk stáða maka Kvennalistakvenna

Grein um Kvennalistann í virtu erlendu kvennatímáriti

Er kvennabaráttan farin að kúga konur?

Í grein sem dr. Inga Dóra Björnsdóttir og dr.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir rita í maðhefti tímáritsins *The European Journal of Women's Studies* er því haldið fram að hugmyndafræði Kvennalistans, sem í upphafi hafði að markmiði að frelsa konur, hafi þróast út í að hefta konur.

skipti ekki máli. Sú sé hins vegar ekki raunin þegar á reyni. Þær taka síðan dæmi um konur sem hefur verið vikið til hliðar innan Kvennalistans vegna starfa eiginmannana þeirra. Þingflokkur Kvennalistans hafi óskað eftir að varapringmáður flokksins tæki ekki sæti á Alþingi vegna hugsanlegra afskipta manns hennar af vafasönum viðskiptasamningum. Í hinu dæminu hafi konu verið vikið til hliðar innan Kvennalistans eftir að hún hóf sambúð með stjórnmálamanni sem var í forystu fyrir annan stjórnmálaflokk.

Greinarhöfundar segja jafnframt að óæskilegir eiginmenn séu ekki það eina sem spilt geti þeirri sýnd sem Kvennalistinn vilji gefa af sjálfum sér. Tekið er dæmi um konu sem tók sæti í stjórn bankastofnunar fyrir hönd Kvennalistans. Efasemdir hefðu vaknað um að hún væri hæf til starfans vegna þess að hún starf-

að við innheimtu hjá fjármögnunarfyrirtæki. Sem dæmi um áherslu á einingu Kvennalistans er tekið dæmi af þingmanni flokksins sem neitaði að leggjast gegn inngöngu Íslands í EES. Aftaða hennar hefði verið hardlega gagnrýnd og hún kölluð ókvenleg. Benda höfundar á að þegar svo sé komið kúgi kvennabaráttan konur í stáðinn fyrir að virða frelsi þeirra.

Sigríður Dúna er að fjalla um eigin reynslu

Guðný Guðbjörnsdóttir, uppeldisfræðingur og þingkona Kvennalistans, sagði að í greininni væri beitt svokallaðri eigindlegri rannsóknar-aðferð og alhæft út frá mjög fáum dænum. Í slikum rannsóknum væri mjög mikilvægt að vísindamaðurinn stæðsetti sig og segði frá því hver hann væri og hvaðan hann kæmi.

„Sigríður Dúna er þarna að fjalla

um sjálfa sig að hluta, en segir ekki frá því. Hún alhæfir út frá tveimur dænum, þar sem annað er hún sjálf, eins og hún sé algjörlega utanaðkomandi aðili. Æg tel að ritstjórar ritsins hafi ekki átt að sig að þarna er um persónulega reynslu að ræða að stærri hluta en fram kemur í greininni.“

Guðný sagðist vera sammála greinarhöfundum um að kvennamenningin hafi upphaflega verið skilgreind út frá alhliða reynslu kvenna frá vöggu til grafar. Hún sagði að fullyrðing þeirra um að smám saman hafi kvennamenningin verið skilgreind eingöngu út frá þeirri reynslu að vera móðir væri alla ekki rökstudd nægilega vel. Þisað væri í erlendar stefnur og í lesendabréf í Veru, en ekki í málflutning Kvennalistans né í stefnuskrá hans.

Kvennalistinn fylgir ekki mæðrahyggu

„Mitt mat er að einstakar konur innan Kvennalistans hafi fylgt sjónarmiðum mæðrahygjunar, en að það sé mjög erfitt að finna breytingu í þessa átt á hugmyndafræðilegum

grundvelli Kvennalistans eða málflutningi nema þá helst í stefnuskránni árið 1987, sem Sigríður Dúna samdi sjálf að hluta.

Okkur var það alveg ljóst þegar við vorum að móta þessa hugmyndafræði að við vorum að byggja á kyn-

bundinni reynslu kvenna og við gerðum okkur líka ljóst að það var stundum erfitt að greina þetta frá líffræðinni. Þess vegna var lögð sérstaklega mikil áhersla á það við mótu stefnuskrárinna 1991 og 1995 að gera þennan mun mjög ljósan. Í þessum stefnuskránum er aftur og aftur talað um margbreytileika kvenna; þær séu mismunandi einstaklingar, sem hafi mismunandi menntun, búsetu, hjúskaparstöðu kynhneigð o.s.frv. Þetta er ekkert nefnt í greininni, en bara talað um áherslu Kvennalistans á mæðrahyggunu, sem er ekki rétt.

Hins vegar benda þær á leiðir til að losa sig við mæðrahyggunu og benda á að nauðsynlegt sé að leggja áherslu á konur sem margbreytilegar verur. Þetta er einmitt kjarninn í stefnuskrá Kvennalistans 1991 og 1995. Árið 1983 og 1987 átti Sigríður sjálf þátt í mótu hugmyndafræðinnar. Þetta verður því að teljast vafasöm gagnrýni á Kvennalistann þó að hún engi við um eðlishyggjuna sem slíka.“

Guðný sagði að lýsing Sigríðar Dúnu á þeim dænum um áhrif eiginmannna sem hún tilteki í greininni væri hennar upplifun á því sem gerðist. Hún sagði að þessi upplifun væri allt ónnur en sinn skilningur á stöðu þessara tveggja kvenna. Hún sagðist að óðru leyti ekki vilja ræða opinberlega um þessi tvö persónulegu mál.

Mbl.
11. ág
1995